



ÁRIÐ Í HNOTSKURN 2012



Alþýðusamband Íslands



Efnahagsmál

Efnahagslífið er að taka við sér á ný. Nokkur hagvöxtur var á síðasta ári, búið er að koma böndum á fjármál ríkis og sveitarfélaga, það dregur úr atvinnuleysi og verðbólga fer minnkandi.

Hagur heimilanna hefur batnað nokkuð frá því í fyrra en staða margra þeirra er þó enn erfið. Aðgerðir til aðstoðar skuldugum heimilum, endurgreiðslur vegna ofgreiddra afborgana af gengistryggðum lánum og útgreiðsla á séreignarlífeyrisparnaði hafa létt undir með mörgum heimilum. Skuldastaða heimila hefur því batnað frá 2009 þegar hún var hvað verst. Í fyrra lækkuðu skuldir heimilanna um 6% eða um 118,7 milljarða króna.

Dregið hefur úr atvinnuleysi undanfarin misseri en skráð atvinnuleysi mældist 4,7% í júlí mánuði sem er lækkun upp á tæp 2% frá árinu áður. Viðsnúningur varð í fjárfestingum á síðasta ári og tóku þær að vaxa á ný eftir fjögurra ára samfelldan samdrátt. Vöxtur fjárfestinganna var að mestu drifinn áfram af endurbótum á álverinu í Straumsvík og tengdum orkuframkvæmdum.

Verðbólgan hefur verið há undanfarna 12 mánuði. Hún náði hámarki í apríl sl. þegar hún mældist 6,4%. Heldur hefur dregið úr verðbólgunni síðan þá og mældist hún 4,1% í ágúst. Aukna verðbólgu í fyrra og framan af þessu ári má að miklu leiti rekja til veikingar krónunnar en hún veiktist um 8% frá janúar 2011 til apríl 2012 þegar hún tók að styrkjast á ný. Í kjölfarið lækkaði verðbólgan.



Forsenduákvæði kjarasamninga

Á forsenduákvæði kjarasamninga reyndi í janúar 2012. Viðtækt samráð fór fram innan hreyfingarinnar um það hvernig standa ætti að endurskoðun kjarasamninganna og var m.a. boðað til tveggja formannafunda. Þar kom fram að efnahagslegar forsendur kjarasamninganna stæðust ágætlega en þegar kom að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vantaði á efndir.

Samninganefnd ASÍ sendi frá sér eftirfarandi yfirlýsingu þann 20. janúar 2012:

„Samninganefnd ASÍ hefur í dag ákveðið að segja ekki upp gildandi kjarasamningum þrátt fyrir vanefndir stjórnvalda á þeim fyrirheitum sem gefin voru við gerð þeirra.

Ljóst er að mikill meirihluti aðildarfélaganna Alþýðusambandsins telur að mikil verðmæti liggja í þeim launahækkunum sem kjarasamningarnir tryggja og að ekki sé forsvaranlegt að grípa til uppsagna þeirra við núverandi aðstæður ...

Þær forsendur sem lúta að beinum samskiptum launafólks og fyrirtækja á borð við kaupmáttaraukningu launa, stöðugu verðlagi og styrkingu krónunnar standast. Því er ekki ástæða til neinna sérstakra viðbragða af hálfu samninganefndarinnar gagnvart atvinnurekendum. Allar forsendur eru fyrir hendi að kaupmáttur almennra launa hækki þriðja árið í röð og mikilvægt að tryggja að af því verði. Fjórða forsenda kjarasamninga snýr að efndum ríkisstjórnarinnar á þeim fyrirheitum sem gefin voru með yfirlýsingu hennar frá 5. maí 2011.“

Í framhaldinu sendi forseti ASÍ þingmönnum bréf með yfirlýsingu samninganefndar ASÍ og ályktunum frá 17 verkalýðsfélögum og samböndum þar sem lýst var megnri óánægju með vanefndir ríkisstjórnarinnar.





Eitt lífeyriskerfi fyrir alla

Útgangspunktur ASÍ í vinnu liðins árs í lífeyrismálum hefur verið að nú sé nauðsynlegt að byggja af ábyrgð upp eitt samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem sé sjálfbært og réttlátt og tryggi sátt um framtíðarfyrirkomulag lífeyrismála. Koma verður í veg fyrir gríðarlega skuldasöfnun í sjóðum opinberra starfsmanna sem að óbreyttu ógna getu hins opinbera til að standa undir velferðarkerfinu.

Í kjarasamningunum í maí 2011 var samið um að stíga á næstu árum markviss skref í jöfnun lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðnum. Þetta skyldi gert með jöfnun réttinda upp á við með auknum framlögum til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði. Það byggir á þeirri forsendu að fyrir árslok 2012 verði komin niðurstaða í viðræður um nýtt, samræmt, sjálfbært lífeyriskerfi alls launafólks á vinnumarkaði.

Í febrúar 2012 skilaði óháð rannsóknarnefnd sem Ríkissáttasemjari skipaði að ósk Landssamtaka lífeyrissjóða úttekt sinni á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008.

Efni úttektarskýrslunnar snýr að mörgum þáttum bæði er varða lífeyriskerfið í heild, lagaumhverfið, fjárfestingar og innri málefni sjóðanna. Það var mat Lífeyris- og veikindaréttarnefndar ASÍ að skýrslan væri bæði vönduð og gagnleg og fjallaði nefndin ítarlega um niðurstöður úttektarinnar. Tekið var mið af niðurstöðum hennar í endurskoðaðri stefnu ASÍ í lífeyrismálum.



Vinnandi vegur

Mikilvægur árangur náðist við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 5. maí 2011 þegar ríkisstjórnin gaf út skuldbindandi yfirlýsingu varðandi menntamál og vinnumarkaðsúrræði fyrir ungt fólk og atvinnuleitendur. Yfirlýsingin var afrakstur samkomulags stjórnvalda og ASÍ og SA um inntak, fjármögnun og framkvæmd til ársins 2014.

Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar sérstakt átak í menntunarmálum gagnvart ungu fólki og atvinnuleitendum. Hins vegar átak sem lítur að því að efla vinnumarkaðstengd úrræði fyrir atvinnuleitendur.

Verkefnið „**Nám er vinnandi vegur**“ fól í sér að tryggja öllum yngri en 25 ára og þeim sem lokið hefðu raunfærnimati nám við hæfi í framhaldsskólum strax haustið 2011. Og jafnframt að skapa ný námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu 2 ár þar á eftir.

Alls hófu 1.042 atvinnuleitendur nám haustið 2011. Það er samdóma álit allra þeirra sem koma að verkefninu að það hafi tekist vel og verið mikilvægt framlag til að auka virkni atvinnuleitenda og ungmenna og búa undir starf á vinnumarkaði að nýju.

Verkefnið „**Vinnandi vegur**“ byggir á því að starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur verði fjölgað um allt að 1.500 árið 2012 þannig að heildarfjöldi þeirra einstaklinga sem njóta slíkra úrræða tvöfaldist. Aðgerðir í þágu langtímaatvinnulausra höfðu forgang í þessu tímabundna átaki.

Markmiðið var að örva nýráðningar og fjölga störfum og auka hagkvæmni þess fyrir atvinnurekendur að ráða langtímaatvinnulausa. Almenn má segja að átakið hafi skilað því sem að var stefnt, þótt enn eigi eftir að koma í ljós að hve miklu leyti um framtíðarstörf er að ræða.





STARF

Þann 10. febrúar 2012 var undirritað samkomulag milli velferðarráðuneytisins, ASÍ og SA um þriggja ára tilraunaverkefni vegna þjónustu við atvinnuleitendur. Verkefnið tekur til atvinnuleitenda sem eru félagar í tilteknum stéttarfélögum innan ASÍ. Stéttarfélögin í samstarfi við atvinnurekendur munu sjá um að liðsinna atvinnuleitendum við vinnumiðlun og vinnumarkaðsúrræði.

Hugmyndin með verkefninu byggir á því að það henti atvinnuleitendum betur að sækja þjónustuna til síns stéttarfélags, sem þegar er að veita félögum sínum umtalsverða þjónustu á öðrum sviðum, frekar en að sækja hana til opinberrar stofnunar, stofnunar sem á þess ekki kost að horfa sérstaklega til fagstéttar viðkomandi atvinnuleitanda.

Í byrjun ágúst hóf STARF að þjónusta fjórðung atvinnuleitenda á Íslandi í fjórum þjónustumiðstöðvum. Hjá VR í Kringlunni, sem er þeirra stærst, önnur þjónustumiðstöð er staðsett hjá iðnfélögunum í Borgartúni. Á Suðurnesjum sameinast fimm stéttarfélög um þjónustumiðstöð sem rekin er á skrifstofu Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Fjórða þjónustumiðstöðin er á Austurlandi en hún er staðsett á skrifstofu Afís á Egilsstöðum. Á vegum STARF vinna 11 atvinnuráðgjafar auk framkvæmdastjóra verkefnisins sem staðsettur er í Sætúni 1.

Nánari upplýsingar má finna á www.starfid.is



Jafnlaunastaðall

Árið 2008 gerðu ASÍ og SA með sér samkomulag um að þróað yrði vottunarferli sem fyrirtæki geti nýtt sér og feli í sér vottun á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar. Á ársfundi Alþýðusambands Íslands 24. október 2008 skrifuðu ASÍ og SA ásamt velferðarráðuneyti undir samstarfssamning þar sem þess var farið á leit að Staðlaráð Íslands hefði umsjón með gerð staðals sem gæti nýst sem undirstaða vottunar.

Verkefnið var að gera jafnlaunastaðal sem að formi væri sambærilegur öðrum stöðlum og yrðir vottunarhæfur. Vinnuhópur skipaður samkvæmt vinnureglum Staðlaráðs sá um að semja staðlafrumvarpið. Vinnuhópurinn fékk sérfræðinga til liðs við sig til að semja viðauka staðalsins, sem inniheldur frekari upplýsingar og leiðbeiningar. ASÍ átti tvo fulltrúa af átta í vinnuhópnum.

Það er sannarlega metnaðarfullt verkefni að ráðast í gerð staðals um launajafnrétti. Ekki er kunnugt um að slíkur staðall hafi verið gerður annars staðar í heiminum. Allt ferlið var lærdómsríkt fyrir vinnuhópinn en staðallinn byggir á þeirri meginreglu jafnréttislaga að greiða skal konum og körlum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Stefnt er að því að staðallinn verði tilbúinn til notkunar í desember 2012.





Forystufræðsla

Alþýðusambandið og aðildarfélög þess gegna margþættu hlutverki við að bæta hag og verja hagsmuni félagsmanna sinna. Þjónusta stéttarfélaganna er í örri þróun og brýnt að koma til móts við auknar kröfur og flóknari verkefni. Til að mæta þessum auknum kröfum hefur verið búin til námsleiðin *Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttarféлага*. Mikilvægt er að auka þekkingu og fagmennsku starfsmanna og stjórna aðildarfélaganna og styrkja um leið liðsheild og samstöðu milli samtakanna með samhæfðu fræðsluátaki. Þannig efla stéttarfélögin starf sitt til hagsbóta fyrir félagsmenn og almenna velferð.

Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með alls 30 námskeiðum sem spanna 192 klukkustundir. Tilgangur Forystufræðslunnar er að miðla þekkingu, tækni og nýjum aðferðum til starfsmanna og þróa um leið starfsvettvang stéttarfélaganna og lýðræðisleg vinnubrögð.

Sameiginlegur stýrihópur samtakanna hefur yfirumsjón með stjórnun verkefnisins en umsjón er í höndum Félagsmálaskóla alþýðu og Fræðslusetursins Starfsmenntar. Félagsmálaskólinn heldur utan um kennsluna um allt land en skráningar-kerfi Starfsmenntar er notað til að tryggja samræmt utanumhald.

Námskeiðin eru valfrjáls og geta þátttakendur ýmist tekið styttri námskeið eða stærri námslotur eftir því hvaða störfum er sinnt eða hvaða hæfni þarf að styrkja.



ASÍ-UNG

Stór hluti fólks á vinnumarkaði er ungt fólk sem er að öðlast mikilvæga starfsreynslu, stofna fjölskyldur og kaupa íbúðarhúsnæði. Það er mikilvægt að rödd þessa hóps heyrist innan Alþýðusambandsins og því var ákveðið á ársfundi ASÍ 2010 að stofna vettvang fyrir ungt launafólk innan aðildarfélaganna ASÍ.

Stofnþing ASÍ-UNG var haldið 27. maí 2011. Þar var kjörin níu manna stjórn og fyrsti formaður ASÍ-UNG var kjörinn Helgi Einarsson. Formaður ASÍ-UNG hefur seturétt sem áheyrnarfulltrúi í miðstjórn ASÍ með málfrelsi og tillögurétt. Meðal helstu verkefna ASÍ-UNG er að kynna ungu fólki á vinnumarkaði réttindi þeirra og skyldur og starfsemi stéttarfélaganna. Þá er ASÍ-UNG ætlað að tryggja að hugað sé að stöðu og hagsmunum ungs launafólks í stefnu verkalyðshreyfingarinnar.

2. þing ASÍ-UNG var haldið 14. september 2012 og þótti vel heppnað. Þingið var tileinkað umræðu um húsnæðismál ungs fólks þar sem yfirskriftin var: *Húsnæði – mannréttindi ekki forréttindi*. Kraftmikil ályktun var samþykkt á þinginu þar sem segir m.a: „Mikilvægt er að ungt fólk hafi raunhæft val um búsetuform og fái húsnæðisstuðning óháð því hvort það velji að leigja eða eiga húsnæði.“

Ný stjórn ASÍ-UNG var kjörin til tveggja ára á þinginu og er Guðni Gunnarsson (VM) nýr formaður ASÍ-UNG en varaformaður Hrefna Gerður Björnsdóttir (Aldan). Ný heimasíða ASÍ-UNG var opnuð 14. september 2012. Slóðin er www.asiung.is





Virk - Starfsendurhæfingarsjóður

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður stendur fyrir uppbyggingu á þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á Íslandi. Á aðeins þremur árum hafa um 3700 einstaklingar leitað til ráðgjafa VIRK en í dag starfa um fimmtíu manns sem sérfræðingar eða ráðgjafar hjá VIRK. Til viðbótar kemur að þjónustunni mikill fjöldi annarra sérfræðinga og úrræðaaðila. Reynt er eftir fremsta megni að tryggja gott aðgengi að þjónustu VIRK um allt land.

Þjónustan skiptist í tvö megin svið. *Starfsendurhæfingarsvið* sem ber ábyrgð á starfsendurhæfingarþjónustu gagnvart einstaklingum og *Fyrirtækjasvið* sem ber ábyrgð á þjónustu við stjórnendur og fyrirtæki og heldur utan um þróunarverkefnið „Virkur vinnustaður“.

Til VIRK leitar fólk sem býr við skerta vinnugetu vegna heilsubrests og þarf aðstoð til að geta tekið aftur virkan þátt á vinnumarkaði. Þessir einstaklingar kljást oft á tíðum við fjölþættan og flókinn vanda sem kallar á einstaklingsbundna nálgun í þjónustu og aðstoð. Þann 1. september 2012 höfðu 1335 einstaklingar útskrifast frá ráðgjöfum VIRK. Mikill meirihluti þeirra eða 72% fór aftur á vinnumarkaðinn með fulla vinnugetu við útskrift. Þessir einstaklingar voru þá annað hvort í vinnu, í atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Um 18% einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK fara á örorkulífeyri. Í flestum tilfellum er um að ræða einstaklinga sem ekki eiga afturkvæmt á vinnumarkað vegna veikinda eða afleiðinga þeirra.





Opnir fundir ASÍ

Alþýðusamband Íslands boðaði til opinna funda í desember og janúar. Tveir fyrstu fundirnir voru haldnir í byrjun desember og fjölluðu um vexti og verðtryggingu. Fyrri fundurinn bar yfirskriftina *Eru háir vextir og verðtrygging náttúruleg mál á Íslandi?* en sá síðari *Hvað kostar krónan heimilin í landinu?* Á þessum fundum fóru Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ og Ólafur Darri Andrason deildarstjóri hagdeildar ASÍ yfir málin í sögulegu samhengi og báru saman ólíka kosti í lána- og gjaldeyrismálum.

Þann 10. janúar 2012 var þráðurinn tekinn upp að nýju á morgunverðarfundi um gjaldmiðilmál. Yfirskrift fundarins var *Íslenska krónan – bölvun eða blessun?* Gylfi Arnbjörnsson flutti erindi sem hann kallaði *Nauðsyn á stöðugum og traustum gjaldmiðli til að tryggja bætt lífskjör*, Arnór Sighvatsson, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands velti upp spurningunni *Hvaða valkosti eigum við í gjaldmiðilmálum?*, Friðrik Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar HR talaði um *Muninn á því að taka upp gjaldmiðil einhliða eða taka upp evru með aðild að ESB* og Ragnar Árnason, prófessor við HÍ ræddi um *kosti sveigjanlegs gjaldmiðils við hagstjórn*.

Síðasti fundurinn í þessari vel heppnuðu fundarröð fjallaði um húsnæðislán en hann var haldinn 24. janúar og bar yfirskriftina *Hvað getum við lært af Dönnum? - Hvernig getum við lækkað húsnæðisvexti heimilanna?* Aðalræðumaður fundarins var Peter Jayaswal aðstoðarframkvæmdastjóri samtaka húsnæðislánveitenda í Danmörku. Hann kynnti danska húsnæðiskerfið og í framhaldinu var fjallað í pallborði um ýmis viðhorf og hugmyndir um þróun húsnæðiskerfisins hér á landi. Erindi Danans var, eins og þeirra sem á undan er getið, afar áhugavert en hægt er að sjá og heyra þessa fyrirlestra á heimasíðu ASÍ með því að smella á hnappinn [Videófundir](#).





Alþýðusamband Íslands

Sætúni 1 • 105 Reykjavík
Sími: 53 55 600 • Fax: 53 55 601
asi@asi.is • www.asi.is